



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEILLAÓSKIR TIL NÝS KONUNGS HOLLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent heillaóskir til hans hátignar Willem-Alexander, konungs Hollands, og Maxima drottningar. Í kveðjunni minntist forseti margvíslegra sögulegra tengsla landanna og samvinnu á sviði menningar, viðskipta og stjórnmála. Þá þakkaði forseti einnig Beatrix, fráfarandi drottningu Hollands, fyrir vinsemd hennar í garð Íslendinga og nefndi í því sambandi heimsókn hennar til Íslands árið 1994.

30. apríl 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).